

REGLUGERÐ

um upplýsingar sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

1. gr.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 250/2018 frá 5. desember 2018, gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/847 frá 20. maí 2015, um upplýsingar sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna, að undanskildum ákvæðum 5. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af IX. viðauka við EES-samninginn um fjármálaþjónustu, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins.

2. gr.

ESB-gerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6, 26. árgangi, frá 21. janúar 2019, bls. 73.

3. gr.

Brot á eftirfarandi ákvæðum reglugerðarinnar sæta stjórnvaldssektum skv. 46. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka:

- a. endurtekin eða kerfisbundin vanræksla greiðsluþjónustuveitanda á því að láta tilskildar upplýsingar um greiðanda eða viðtakanda greiðslu fylgja millifærslu skv. 4., 5. eða 6. gr.,
- b. endurtekin, kerfisbundin eða alvarleg vanræksla greiðsluþjónustuveitanda við að varðveita upplýsingar skv. 16. gr.,
- c. vanræksla greiðsluþjónustuveitanda við að koma á skilvirku verklagi á grundvelli áhættu skv. 8. eða 12. gr.,
- d. alvarleg vanræksla greiðsluþjónustumiðlara við að koma á skilvirku verklagi skv. 11. eða 12. gr.

4. gr.

Ef ósamræmi er á milli íslensks og ensks texta reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/847 skal skýra íslenska textann með hliðsjón af enska textanum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 56. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/847 frá 20. maí 2015 um upplýsingar sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Reglugerð nr. 386/2009, um innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB), nr. 1781/2006 frá 15. nóvember 2006, um upplýsingar um greiðanda sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna, fellur úr gildi frá sama tíma.

Dómsmálaráðuneytinu, 25. janúar 2019.

Sigríður Á. Andersen.

Haukur Guðmundsson.